

Hverfisráð Hríseyjar

8. fundur

Ár 2007, mánudaginn 23.apríl kl. 16:15 var áttundi fundur Hverfisráðs Hríseyjar haldinn í Hlein

Mætt voru: Kristinn Árnason, Theódóra Kristjánsdóttir, Unnsteinn Kárason og Drífa Þórarinsdóttir

Formaður setti fundinn og bauð alla velkomna

Dagskrá:

1. Staðardagskrá 21

Drífa kom með Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri ásamt Staðardagskrá fyrir Hrísey. Hverfisráð hefur undanfarið verið að fara yfir plagg sem til var frá því fyrir sameiningu. Sumu haldið inni öðru breytt, annað fallið á tíma og fellt út. Staðardagskráin verður nú send til Umhverfisnefndar Akureyrarbæjar til yfirferðar

2. Íbúáþing

Ákveðið að hafa íbúáþing þann 30. apríl n.k. kl. 17. Þar verður Staðardagskráin kynnt. Jón Ingi varaformaður Umhverfisnefndar og Jón Birgir verkefnastjóri koma á fundinn

3. Hreinsunardagur

Rætt um hvenær best væri að koma á árlegum hreinsunardegi, hugmyndir um að hafa hann 21. maí kl.16:00.

Endanleg dagsetning ákveðin á fundi sem verður 14. maí 2007

- 4.** Ásgeir Halldórsson kom að máli við nefndina og óskaði eftir að Hverfisráð sendi beiðni til Skipulagsnefndar um að lóð Hákarla-safnsins að Noðurvegi 3 verði mæld út, svo hægt sé að hefja framkvæmdir við lokafrágang hennar. *“Formanni falið að skrifa bréf og óska eftir að þetta verði gert sem fyrst”*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl.18:20

Kristinn Fr. Árnason
Drífa Þórarinsdóttir
Theódóra Kristjánsdóttir
Unnsteinn Kárason

Fundargerð skráð í tölvu af
Guðrúnu Kristjánsdóttur

